

Áttu von á barni?

Hlutverk Fæðingarorlofssjóðs

Fæðingarorlofssjóður hefur það hlutverk að annast greiðslur til foreldra sem réttinda njóta til greiðslna í fæðingarorlofi og til þeirra sem eiga rétt á greiðslu fæðingarstyrks. Sjóðurinn er í vörslu Vinnumálastofnunar sem sér um reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins í umboði félagsmálaráðherra. Fæðingarorlofssjóður starfar samkvæmt lögum nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, og reglugerðum sem settar hafa verið með stoð í lögnum.

Hvað er fæðingarorlof?

Fæðingarorlof er leyfi frá launuðum störfum sem stofnast til við:

- fæðingu
- frumættleiðingu barns yngra en átta ára
- töku barns yngra en átta ára í varanlegt fóstur
- fósturlát eftir 18 vikna meðgöngu og
- andvana fæðingu eftir 22 vikna meðgöngu

Hvernig öðlast foreldri rétt til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði?

Foreldri öðlast rétt til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði eftir að hafa verið samfelld í sex mánuði á innlendum vinnumarkaði fyrir fæðingardag barns eða þann tíma þegar barn kemur inn á heimili við ættleiðingu eða varanlegt fóstur.

Starfstími foreldris í öðrum ríkjum innan EES-svæðisins er tekinn til greina hafi foreldri starfað á innlendum vinnumarkaði a.m.k. síðasta mánuðinn fyrir fæðingu barns. Skilyrði er að foreldri hafi hafið störf á innlendum vinnumarkaði innan tíu virkra daga frá því það hætti störfum á vinnumarkaði í öðru EES-ríki. Jafnframt teljast til þátttöku á vinnumarkaði tilvik sem eru ígildi starfs, sbr. 2. mgr. 13. gr. a. laganna.



Fremri / Spill

Umsóknir og eyðublöð má nálgast á heimasíðu Fæðingarorlofssjóðs, www.faedingarorlof.is og hjá þjónustuskrifstofum Vinnumálastofnunar.

Umsóknum skal skila til Vinnumálastofnunar – Fæðingarorlofssjóðs, Strandgötu 1, 530 Hvammstanga.

Vinnslutími umsókna

- Launþegar og sjálfstætt starfandi – 6 vikur
- Námsmenn – 3 vikur
- Foreldrar utan vinnumarkaðar eða í minna en 25% starfi – 3 vikur

Hægt er að senda fyrirspurnir á netfangið: faedingarorlof@vmst.is

Vinnumálastofnun – Fæðingarorlofssjóður
Strandgötu 1, 530 Hvammstangi
Sími: 582 4840
Fax: 582 4850

www.faedingarorlof.is





„Þú ert náttúrunnar undurfagra smíð, verður hörpu minnar strengur alla tíð.“

Úr laginu Undir þínum áhrifum, texti: Stefán Hilmarsson

Tilhögun fæðingarorlofs

Foreldri á alltaf rétt á að taka fæðingarorlof í einu lagi. Með samkomulagi við vinnuveitanda getur foreldri þó skipt fæðingarorlofinu og/eða tekið það samhliða launuðu starfi með lækkuðu starfshlutfalli. Þó má aldrei taka fæðingarorlof skemur en tvær vikur í senn. Móðir skal vera í fæðingarorlofi að minnsta kosti fyrstu tvær vikurnar eftir fæðingu barns. Hægt er að hefja töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag barns. Réttur til fæðingarorlofs vegna fæðingar fellur niður er barnið nær 18 mánaða aldri.

Fæðingarorlofstími

- Fæðingarorlofstími er alls 9 mánuðir
- Sjálfstæður réttur foreldra er 3 mánuðir fyrir hvort foreldri
- Sameiginlegur réttur foreldra er 3 mánuðir

Greiðslur

- Mánaðarleg greiðsla til launþega er 80% af meðaltali heildarlauna 12 mánaða samfellds tímabils, sem lýkur 6 mánuðum fyrir fæðingardag barns eða þann dag sem barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur.
- Mánaðarleg greiðsla til sjálfstætt starfandi foreldris er 80% af meðaltali reiknaðs endurgjalds sem tryggingagjald hefur verið greitt af og skal miða við eitt tekjuár á undan fæðingarári barns eða því ári sem barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða töku í varanlegt fóstur. Að öðru leyti gilda reglur um launþega eins og við á.

Fæðingarstyrkir

- Fæðingarstyrkur námsmanna er greiddur til foreldra sem hafa verið í 75-100% námi í 6 mánuði á síðustu 12 mánuðum fyrir fæðingu barns, frumættleiðingu eða töku barns í varanlegt fóstur og sýnt viðunandi námsárangur.
- Fæðingarstyrkur er greiddur til foreldra sem eru utan vinnumarkaðar eða í minna en 25% starfi.

Hvenær er greitt?

Greitt er eftir á fyrir undanfarandi mánuð í fæðingarorlofi.

Greiðslur frá vinnuveitanda

- Greiðslur frá vinnuveitanda til foreldris í fæðingarorlofi, sem eru hærri en nemur mismun greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði og meðaltals heildarlauna foreldris, skulu koma til frádráttar greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði.
- Eingöngu skulu greiðslur frá vinnuveitanda, sem ætlaðar eru fyrir það tímabil sem foreldri er í fæðingarorlofi, koma til frádráttar greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði.
- Heimilt er að taka tillit til kjarasamningsbundinna launa-hækkana, annarra kjarasamningsbundinna greiðslna og launabreytinga sem rekja má til breytinga á störfum foreldris.

Eftirlit

Eftirlit er með því hvort foreldrar leggi niður störf í fæðingarorlofi.

Kæru réttur

Ákvarðanir Fæðingarorlofssjóðs eru kæranlegar til úrskurðarnefndar í fæðingar- og foreldraorlofsmálum, félags- og tryggingamálaráðuneytinu, Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu, 150 Reykjavík. Sími 545 8100. Kæran skal berast nefndinni skriflega innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun máls.

Heimasíða Fæðingarorlofssjóðs

Á heimasíðu Fæðingarorlofssjóðs, www.faedingarorlof.is er að finna margvíslegar upplýsingar fyrir verðandi foreldra, m.a.:

- Lengingar á fæðingarorlofi vegna veikinda mæðra og barna
- Lengingar vegna öryggis- og heilbrigðis á vinnustöðum
- Lengingar vegna fjölbura fæðinga
- Yfirfærslu réttinda við sérstakar aðstæður
- Upphæðir greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrkja
- Umsóknareyðublöð og leiðbeiningar við útfyllingu umsókna
- Spurt & svarað
- Reiknivél

Forsjá barns

Réttur foreldris er almennt bundinn því að það fari sjálf með forsjá barns eða hafi sameiginlega forsjá við upphaf greiðslna. Forsjárlaus foreldri getur þó átt rétt á greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði og greiðslu fæðingarstyrks ef forsjá-foreldrið samþykkir umgengni þess við barnið meðan á fæðingarorlofinu stendur og faðernisviðurkenning, staðfest af sýslumanni, liggur fyrir. Foreldrar í staðfestri samvist eða skráðri sambúð fara sjálfkrafa sameiginlega með forsjá barns.